

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 13. Ágúst 2013 – Saffran Hafnarfirði

Mættir – Arnar, Kristján, Ómar, Sigurður, Unnar, Theadór

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Fjármál KÞÍ. 41 hafa greitt árgjald en greiðsluseðlar nýlega sendir út. Ákveðið að láta gjöf fylgja árgjaldi á næsta tímabili. Húfa kemur sterklega til greina.
3. Bikarúrslitaráðstefna karla. Dagskrá tilbúin. Arnar finnur einhvern til að fjalla um liðin. Teddi og Unnar sjá um að rukka og merkja við. Sigurður í bandi við Dag vegna máltíðar á ráðstefnunni. Theadór sér um myndatökur. Arnar fer með Flemming út að borða á föstudag en Sigurður og Kristján á laugardeginum.
4. Bikarúrslitaráðstefna kvenna. Dagskrá tilbúin. Ákveðið að hafa frítt fyrir félagsmenn og 1500 fyrir ófélagsbundna.
5. Aðrir viðburðir. Vanda heldur annað erindi um eineltismál í sept/okt. Ákveðið að fara ekki í ferð erlendis í haust á vegum KÞÍ, of stuttur fyrirvari. Norrænu þjálfarafélögin eru að skipuleggja ferð til Englands 2. – 5. Janúar. Okkur boðið að mæta með 10 þjálfara og einn fararstjóra.
6. Önnur mál. Úlfar Hinriksson búinn að redda tilboði fyrir félagsmenn á tímaritinum Elite Soccer. Arnar verður í sambandi við hann. Búið að ræða við þá þjálfara sem hafa hætt störfum í meistaraflokki í sumar.

Arnar Bill Gunnarsson